

# FRÉTTABRÉF GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR

20.ágúst 2024 | 6.tbl

## Skólasetning

Skólasetning Grunnskóla Hornafjarðar verður dagana 21.- 22.ágúst. Fyrsti skóladagurinn er föstudaginn 23.ágúst.

Eins og hefð er fyrir ár hvert fara nemendur í 1.-4.bekk í berjamó einhvern af fyrstu skóladögum á haustin. Nemendur í 5.-10.bekk fara í gönguferð. Nánari dagskrá auglýst síðar.

## Reglur um símanotkun

Í sumar fengu foreldrar póst varðandi þá ákvörðun að Grunnskóli Hornafjarðar hygðist skerpa á notkun snjalltækja á skólatíma en ekki var búið að fullmóta reglur og viðurlög. Mikilvægt að það sé skýrt fyrir alla, nemendur, foreldra og starfsfólk hverjar reglurnar eru varðandi snjalltækjanotkun.

**Heillavænlegast er að nemandi skilji snjalltækin sín þar með talin snjallsíma, snjallúr, leikjatölvur o.s.frv. eftir heima.**

- Öll notkun snjalltækja nemenda er óheimil í öllu skólahúsnæðinu\*.
- Ef forráðamenn kjósa að senda barnið með snjalltæki í skólann skal vera slökkt á því og það geymt í skólatösku þar til skóla lýkur og barnið hefur yfirgefið skólahúsnæðið.
- Snjalltæki eru á ábyrgð nemenda og/eða forráðamanna.
- Ef forráðamenn þurfa að ná tali af barni sínu á meðan á skólatíma stendur er þeim bent á að hafa samband við ritara skólans sem kemur skilaboðum áleiðis.
- Noti nemendur snjalltæki í heilsufarslegum tilgangi (t.d. v/ sykursýkismælinga) er undanþága veitt.

## **Ef nemandi kys að fylgja ekki reglum skólans um snjalltæki hefur hann val um:**

a) Afhenda starfsmanni tækið. Starfsmaður hefur samband við forráðamann sem getur nálgast tækið á skrifstofu skólans.

b) Afhendi nemandi ekki tækið skal hann bíða hjá stjórnanda þar til forráðamaður kemur í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins. Nemandi fær skráða fjarvist í þá tíma sem hann missir af vegna þessa. Við endurtekin brot verður forráðamaður boðaður á fund stjórnenda og gerð áætlun um næstu skref.

\*Til skólahúsnæðis teljast: Heppuskóli, Hafnarskóli, Vöruhús, Íþróttahús, sundlaug, Bárán, Þrykkjan, Sindrabær, Kátakot og matsalurinn.

### **Gjaldfrjálsar skólamáltíðir**

Skólamáltíðir hjá Grunnskóla Hornafjarðar verða gjaldfrjálsar frá og með 15.ágúst. Mikilvægt er þó að foreldrar láti vita hvort barn þeirra verður í mat í skólanum eða ekki. Við viljum að sjálfsögðu ekki auka matarsóun og því verður áfram utanumhald hverjir þiggja mat í mötuneyti skólans.

### **Fræðsla um snjalltækjanotkun**

Þann 28.ágúst kemur Skúli Bragi Geirdal sem er sviðstjóri hjá SAFT. Hann ætlar að vera með fræðslu um snjalltækjanotkun fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans í 5.-10.bekk. Nánara skipulag verður auglýst þegar nær dregur.